

**36. fundur Atvinnu- og hafnarnefnd haldinn Strandgötu 38, miðvikudaginn 2.  
nóvember 2022  
og hófst hann kl. 17:30.**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Þór Ólafsson (ÓPÓ), Ásgeir Jónsson (ÁJ), Jenný Lára Magnadóttir (JLM) og Jón Ingi Jónsson (JIJ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, hafnarstjóri

Formaður bauð fundarfólk velkomid og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun, svo var ekki og formaður lýsti því fund nr. 36 lögmætan

**Dagskrá:**

**1. Fjárhagsáætlun 2023-2026 - 2208067**

Fjárhagsáætlun og gjaldskrá Tálknafjarðarhafnar. Mál frá 35. fundi Atvinnu- og hafnarnefndar sem fór fram 06.10.2022.

*Tekið til umræðu. Afgreiðslu frestar til aukafundar í nefndinni sem verður haldinn í lok nóvember.*

**2. Deiliskipulagsbreyting Tungusilungur - 2210475**

Mál frá 4. fundi Skipulagsnefndar Tálknafjarðrhepps sem fór fram 27.10.2022.

*Atvinnu- og hafnarnefnd telur skilyrði fyrir samþykki um lagningu vatnaslagnar á skipulagssvæði Tálknafjarðarhafnar, í samræmi við fyrirliggjandi teikningu, vera að undirritað verði samokulag milli sveitarfélagsins og eiganda lagnarinnar um að eigandanum verði skylt að færa lögnina og bera allan kostnað af því komi til framkvæmda á grundvelli deiliskipulags hafnarsvæðis. Að öðru leyti eru ekki athugasemdir við framlagðar tillögur.*

**3. Hafnarvörður, starfslýsing - 2208124**

Mál frá 34. fundi Atvinnu- og hafnarnefndar Tálknafjarðarhepps sem fór fram 07.09.2022.

*Eftir umræður er málinu vísað til áframhaldandi umræðu í nefndinni.*

**4. Tálknafjarðarhöfn - framkvæmdir við rafmagn - 2209202**

Framkvæmdir við rafmagn á Tálknafjarðarhöfn.

*Farið var yfir stöðu framkvæmda, en Atvinnu- og hafnarnefnd leggur áherslu á að verkinu ljúki á árinu 2022.*

**5. Styrkir vegna fordæmisgefandi dómsmála - 2210388**

Erindi frá Hafnasambandi Íslands dags. 28.06.2022 varðandi reglur um styrki vegna fordæmisgefandi úrskurða og dómsmála er varða hafnarrekstur.

*Lagt fram.*

**6. Úrvinnsla veiðarfæraúrgangs - 2210499**

Erindi frá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi dags. 24.10.2022 varðandi úrvinnslu veiðarfæraúrgangs.

*Lagt fram.*

**7. Vinnustofa Hafið tekur ekki lengur við! - 2210497**

Erindi frá Umhverfisstofnun skráð 26.10.2022 vegna vinnustofu um móttöku og meðhöndlun úrgangs sem kemur upp með veiðarfærum sem fer fram á Grand hótél Reykjavík, fimmtudaginn 03.11.2022.

*Lagt fram.*

**8. Ályktanir Hafnasambandsþings 2022 - 2206081**

Erindi Hafnasambandi Íslands skráð 31.10.2022 þar sem ályktanir Hafnasambandsþings 2022 eru sendar til aðildarhafna ásamt tilynningu um nýja stjórn sambandsins.

*Lagt fram.*

**9. Upplýsingagjöf hafnarstjóra 2022 - 2208004**

*Gert grein fyrir stöðu verkefna og þau rædd.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:20.**

---

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)

---

Ásgeir Jónsson (ÁJ)

---

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

---

Jón Ingi Jónsson (JIJ)